

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Hvammur í Skorradal.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í að svæði fyrir sumarbústaðabyggð að Hvammi í Skorradalshreppi stækkar í 17,5 ha og verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*